



## Lesskilningur, læsi á stærðfræði og læsi á náttúruvísindi samkvæmt PISA í átta stærstu sveitarfélögum á landinu 2012 og 2015




Mynd 1. Lesskilningur í PISA 2012 og 2015 í átta sveitarfélögum

Lesskilningur eykst marktækt í þremur sveitarfélögum, Hafnarfirði, Reykjanesbæ og Árborg, um sem nemur 12-28 stigum á aðeins 3 árum, frá 2012 til 2015 (sjá mynd 1). Honum hrakar á sama tíma marktækt í þremur sveitarfélögum, Kópavogi, Garðabæ og Mosfellsbæ, um 13-26 stig. Samkvæmt OECD er gert ráð fyrir að færni aukist um 30 stig á hverju skólaári. Samkvæmt því má segja að framfarir í Reykjanesbæ nemi heilu skólaári og aftur för í Mosfellsbæ nemi um heilu skólaári. Í hinum sveitarfélögum er breytingin minni.



Mynd 2. Læsi á stærðfræði í PISA 2012 og 2015 í átta sveitarfélögum

Læsi á stærðfræði eykst marktækt í Reykjanesbæ en hrakar marktækt í Kópavogi og lítillega í Reykjavík (sjá mynd 2). Samkvæmt ofangreindu viðmiði OECD má áætla að breytingin í bæði Reykjanesbæ og Kópavogi nemur um 2/3 úr skólaári.



Mynd 3. Læsi á náttúruvísindi í PISA 2012 og 2015 í átta sveitarfélögum

Læsi á náttúrufræði eykst marktækt mjög mikið í Reykjanesbæ og einnig í Árborg en hrakar marktækt í Garðabæ, Kópavogi og Mosfellsbæ á tímabilinu 2012 til 2015 (sjá mynd 3). Mest er breytingin í

Reykjanesbæ og Garðabæ. Samkvæmt viðmiði OECD má áætla að breytingin í Reykjanesbæ nemi næstum því einu og hálfu skólaári og einu skólaári í Garðabæ.

Meðaltal landsins í heild breytist lítið milli 2012 og 2015. Hins vegar dregur saman með þessum sveitarfélögum í PISA milli 2012 og 2015. Verulegur munur var á meðaltölum sveitarfélaga 2012 á öllum þremur sviðum en 2015 eru fá sveitarfélaganna frábrugðin landsmeðaltali. Mismunur á meðaltölum sveitarfélaganna spannaði um 70-90 stig árið 2012 en 2015 einungis 20-40 stig. Árið 2015 hefur aðeins Garðabær meðaltal fyrir lesskilning marktækt hærra en landið í heild og auk Reykjavíkur einnig fyrir læsi á stærðfræði. Öll sveitarfélögin eru árið 2015 svipuð landsmeðaltali fyrir læsi á náttúruvísindi.